

*24. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna
í Reykjavík 14. - 15. nóvember 2003*

Ályktun vegna skerðingar atvinnuleysisbóta

24. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna mótmælir áformum félagsmálaráðherra um skerðingu réttinda launafólks til atvinnuleysisbóta fyrstu 3 daga atvinnuleysis, sem kynnt er í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Það áfall sem fylgir starfsmissi er hverjum launamanni nógu þungbært þó ekki bætist við að þær lágu atvinnuleysisbætur sem greiddar eru verði skertar. Hér er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur.

Þvert á móti hefur það verið krafa stéttarfélaganna að unnið sé að auknum rétti og hærri bótagreiðslum til atvinnulausra sem a.m.k. fylgi lágmarkslaunum. Því er þess krafist að félagsmálaráðherra dragi þessi skerðingaráform til baka.